

Ályktarorð:

Hið umbeðna lögtak má fram fara á ábyrgð gerðarbeiðanda.
Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 4. nóvember 1980.

Nr. 32/1980. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Boga Brynjar Jónssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Hylming.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson og Þorsteinn Thorarensen, settur hæstaréttardómari.

Máli þessu er aðeins áfrýjað að því er varðar ákærða Boga Brynjar Jónsson.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt bréf frá fangelsinu í Síðumúla 28 til ríkissaksóknara, dagsett 3. nóvember 1980. Þar segir svo:

„Samkvæmt samtali yðar, hr. ríkissaksóknari, sendi ég yður hér með umbeðnar upplýsingar varðandi Boga Brynjar Jónsson N.nr. 1372-7120. F. 13.03.1943.

Bogi er bókaður í skrám fangelsisins að Síðumúla 28, inn settur þ. 20.09.'78 kl. 14:00.

Látinn laus 21.09.'78 kl. 13:50.

Hann er handtekinn sama dag aftur þ. 21.09.'78 og bókaður inn kl. 18:40.

Úrskurðaður af sakadómi Reykjavíkur þ. 22.09.'78 til 04.10.'78. Gæsluvarðhald upphafið þ. 25.09.'78 og látinn laus kl. 11:55“.

Svo sem bréfið ber með sér, var ákærði handtekinn tvisvar sinnum vegna máls þessa. Síðari handtakan var framkvæmd 21. september 1978, og var hann í haldi frá kl. 1745 þann dag að því er fram kemur í gögnum máls. Hann var leiddur fyrir dómara 22. september 1978, kl. 1738. Hann hafði þá tvívegis verið yfirheyrður af rannsóknarlögreglumönnum eftir síðari handtökuna, en þrívégis alls, frá því að rannsókn málsins hófst.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, hefur ákærði verið leiddur án undandráttar fyrir dómara og gæsluvarðhaldsúrskurður kveðinn upp innan frests, er getur í 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 og 66. gr. laga nr. 74/1974.

Refsingu ákærða ber að ákveða með hliðsjón af 255. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 71. gr. sömu laga.

Að þessu athuguðu ber með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms að staðfesta hann að því er ákærða Boga Brynjar Jónsson varðar.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 150.000 krónur, og laun skipaðs verjanda síns, 150.000 krónur.

Það er aðfinnsluvert, að rannsóknarlögreglumaður yfirheyrði ákærða tvívegis í máli þessu, án þess að séð verði, að vottur hafi verið viðstaddur, svo sem boðið er í 37. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að því er varðar ákærða Boga Brynjar Jónsson. Hann greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 150.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 150.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 16. febrúar 1979.

Ár 1979, föstudaginn 16. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörns-

syni yfirsakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 43—44/1979: Ákærvaldið gegn Boga Brynjari Jónssyni og A, sem tekið var til dóms 15. febrúar.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 25. f. m., gegn:

1. Boga Brynjari Jónssyni verkamanni, Bergstaðastræti 54, fæddum 13. mars 1943 á Akureyri,
2. A verkakonu, . . ., fæddri . . . 1954 í Reykjavík, og er sakar efni og dómkröfum þannig lýst í ákæru:

„I. Ákærðu A er gefið að sök að hafa aðfaranótt laugardagsins 16. september 1978, er hún var gestur í veitingahúsinu Glæsibæ við Álfheima í Reykjavík, stolið seðlaveski, sem einn gestanna, Magnús Jónsson, fæddur 8. desember 1905, hafði misst í gólfið, og voru í veskinu allt að 250.000 krónum.

Telst þetta athæfi ákærðu varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. Ákærða Boga Brynjari er gefið að sök að hafa þessa sömu nótt fyrir utan veitingahúsið þegið allt að 100.000 krónum af þessum feng meðákærðu A, enda þótt hann vissi, að hún hefði stolið fénu.

Telst þetta atferli ákærða varða við 254. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Í málinu hefur Magnús Jónsson, Þykkvabæ 13, krafist bóta að fjárhæð 190.000 kr., og verður að líta svo á, að krafa þessi sé höfð uppi á hendur ákærðu báðum.

Aðfaranótt laugardagsins 16. sept. f. á. voru ákærðu bæði gestir á skemmtistaðnum Glæsibæ. Þar var og gestur Magnús Jónsson, Þykkvabæ 13. Hann tilkynnti rannsóknarlögreglu 19. sept., að hann hefði glatað þar veski sínu með 260—270 þúsund krónum. Veskið hefði fundist næsta dag við Umferðarmiðstöðina, en peningarnir verið horfnir úr því.

Ákærða A kannast við, að hún hafi tekið veskið að ófrjálsu. Hún hafi hrasað og þá séð veskið liggja á gólfinu, tekið það síðan og stungið undir buxnastræng sinn. Hún hafi svo sagt ákærða, Boga Brynjari, að hún væri með veski, án þess að skýra nánar, hvaðan það væri. Hann hafi sagt henni að fara út í bíl, en kunningi þeirra hafi beðið með bíl fyrir utan. Hún hafi gert þetta og þar talið peningana, er hún telur hafa numið 225—230 þúsundum króna. Síðan hafi Bogi komið út í bílinn og hún látið hann hafa um helming fjárins, eða rúm 100 þúsund. Ákærða kveðst

ekkert vita um, hvernig á því stendur, að veskið fannst við Umferðarmiðstöðina.

Ákærði Bogi Brynjar kannast við, að hann hafi veitt viðtöku peningafjárhæðinni úr hendi A úti í bifreiðinni, en hann telur sig ekki hafa haft hugmynd um, hvernig A hafði komist yfir þá, og hann mótmælir því, að hún hafi sagt við hann inni í húsinu, að hún væri með veski. Hann hafi ekkert vitað um peningana eða veskið, fyrr en hann kom út í bílinn til A.

Ákærði telur sig ekki hafa haft grun um, að peningarnir væru illa fengnir, er hann tók við þeim, en kannast við, að eftir á hafi slíkar grunsemdir gert vart við sig.

Ákærða A þykir með því að taka veskið og slá eign sinni á það hafa brotið gegn 244. gr. alm. hegningarlaga.

Dómurinn telur öruggt, að Bogi Brynjar hafi ekki getað velkst í vafa um það, eins og á stóð, að peningar þeir, sem A afhenti honum, hlytu að vera illa fengnir. Þykir því eiga að refsast honum samkvæmt 254. gr. alm. hegningarlaga, eins og í ákæru segir.

Ákærða A hefur tvisvar (1972 og 1973) sætt refsíðómi fyrir ölvun við bifreiðarstjórn, en ekki sætt kærðum fyrir lagabrot að öðru leyti. Ákærði, Bogi Brynjar, hefur hins vegar langan brotaferil að baki og hefur sætt þessum refsíðómum:

1965 5/11 6 mánaða fangelsi fyrir þjófnað,
 1966 12/5 3 mánaða fangelsi fyrir þjófnað,
 1967 23/11 3 mánaða fangelsi fyrir þjófnaðartilraun,
 1968 13/12 4 mánaða fangelsi fyrir skjalafals,
 1973 20/6 2 mánaða fangelsi fyrir hylmingu,
 1973 12/11 2 mánaða fangelsi fyrir hylmingu,
 1976 23/6 1 mánaðar fangelsi fyrir þjófnað.

Auk þess hefur Bogi Brynjar 22 sinnum sæst á greiðslu sekta, oftast fyrir ölvun.

Refsing hvors hinna ákærðu um sig verður ákveðin 60 daga fangelsi. Rétt þykir að fresta fullnustu refsingar ákærðu A, og falli hún niður eftir 2 ár frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærða heldur almennt skilorð 57. gr. alm. hegningarlaga.

Bogi Brynjar sætti gæsluvarðhaldi 22. til 25. sept. 1978 vegna rannsóknar máls þessa, og ber skv. 76. gr. alm. hegningarlaga að draga vist þessa frá refsingu hans.

Ákærðu hafa ekki gert athugasemd við fjárhæð kröfu Magnúsar Jónssonar. A hefur greitt 40 þús. kr. upp í hana. Ákærðu verða dæmd in solidum til greiðslu eftirstöðvanna, 150.000 kr.

Ákærði Bogi Brynjar verður dæmdur til að greiða málsvarnarlauð verjanda síns, Arnar Höskuldssonar héraðsdómslögmanns, 50.000 krónur, en annan sakarkostnað greiði ákærðu in solidum.

Dómsorð:

Ákærði, Bogi Brynjar Jónsson, sæti fangelsi 60 daga. Frá refsingunni skal draga gæsluvarðhald hans, 3 daga.

Ákærða, A, sæti fangelsi 60 daga. Fresta skal fullnustu refsingarinnar, og falli hún niður eftir 2 ár frá uppkvaðningu dómsins, ef ákærða heldur almennt skilorð 57. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærðu greiði in solidum Magnúsi Jónssyni 150.000 kr.

Ákærði Bogi greiði skipuðum verjanda sínum, Erni Höskuldssyni héraðsdómslögmanni, 50.000 krónur í málsvarnarlauð. Annan sakarkostnað greiði ákærðu in solidum.

Fimmtudaginn 6. nóvember 1980.

Nr. 5/1979. **Gestur Janus Ragnarsson**
 gegn
 bæjarfógetanum í Neskaupstað.

Mál fellt niður. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. janúar 1979.

Þegar málið var tekið til munnlegs flutnings, óskuðu lögmennt aðilja þess, að það yrði fellt niður. Af hálfu áfrýjanda var krafist málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en af hálfu stefnda var þess krafist, að málskostnaður fyrir Hæstarétti félli niður.